

Starfsáætlun nemenda 2022-2023

Skóladagar

Skóladagatal fyrir skólaárið 2022-2023 er að finna á heimasíðu skólans.

Það sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvenær vikið er frá hefðbundnu skólahaldi og hvaða daga nemendur eiga frí. Skóladagar eru 180 á níu mánaða tímabili.

- Gulir dagar á skóladagatalinu eru skertir dagar; þá er skóladagurinn styttri fyrir nemendur en stundaskráin segir til um.
- Bleikir dagar eru tvöfaldir dagar, þ.e. eftir hefðbundinn skóladag er árshátíð, jólakvöld og skólaslit.
- Grænir dagar á skóladagatali eru starfsdagar og ekki skólastarf fyrir nemendur og þá er Skólasel lokað. Skólasel er opið á gulum og fjólubláum dögum.
- Rauðir dagar eru frídagar og ekki skólastarf eða Skólasel.

Vikulegur kennslutími árganga er:

- 1.-4. bekkur 1200 mín
- 5.-7. bekkur 1400 mín
- 8.-10. bekkur 1480 mín

Skólabyrjun – skólalok

Skólinn byrjar 22. ágúst með samstarfsviðtölum. Skólaslit vorið 2023 eru föstudaginn 2. júní.

Jólaeyfi

Jólaeyfi er dagana 21. desember til 1. janúar, 2. janúar starfsdagur og 3. janúar fyrsti kennsludagur eftir jólaeyfi.

Páskaleyfi

Páskaleyfi er dagana 1. – 10. apríl, 11. apríl er fyrsti kennsludagur eftir páskaleyfi.

Vetrarfrí

Haustþing kennara er 16. september og ekki kennsla.

Vetrarfrí á haustönn er 27. og 28. október, auk þess er mánudagurinn 31. október starfsdagur og ekki kennsla.

Vetrarfrí á vorönn er 23.-24. febrúar.

21. apríl er starfsdagur og ekki kennsla.

19. maí er starfsdagur og ekki kennsla.

Samstarfsdagur

Foreldradagar eru þrír og verða 22. ágúst, 13. október og 7. mars. Á foreldradaginn hittir umsjónarkennari nemanda og foreldra hans.

Foreldradaginn 22. ágúst ræða umsjónarkennari, nemandi og foreldrar um skipulag skólans framundan og setja sér markmið fyrir veturinn. Þann 13. október er hefðbundið foreldraviðtal. Umsjónarkennarar senda út upplýsingar um foreldradaga til foreldra með góðum fyrirvara og foreldrar skrá sig á þann tíma sem þeim hentar í gegnum Mentor. Foreldrar aðstoða jafnframt nemendur við að fylla út sjálfmat á Mentor sem varðar líðan og nám nemandans. Sjálfsmatið liggur til grundvallar í foreldraviðtalinu og fleiri þættir sem snerta nám og líðan.

Þann 7. mars eru nemendastýrð viðtöl. Umsjónarkennarar munu boða nemendur og forráðamenn í skólann á ákveðnum tíma. Þar mun nemandinn funda með foreldrum sínum og fara yfir fyrirfram ákveðna dagskrá sem hann hefur undirbúið undir leiðsögn kennara.

Leiðarljós samstarfsviðtala er að foreldrar og kennari eru teymi sem vinna að velferð barnsins. Áhrif foreldra á nám og líðan barna eru óumdeild og samstarfsviðtöl eiga að tryggja að allir foreldrar eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna. Þau eiga jafnframt að stuðla að því að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin námi með því að skipuleggja það í samráði við kennara og foreldra. Að jafnaði eru viðtölin um 15–20 mínútna löng.

Útivistardagur

Útivistardagur verður 7. september. Þá ráða umsjónarteymin hvert ferðinni er heitið. Göngur, leikir og almenn útivist í boði.

BRAS – barnamenningarhátíð á Austurlandi.

BRAS er menningarhátíð þar sem börnum er gefið tækifæri til að skapa og upplifa listir í víðasta samhengi. Hún var haldin í fyrsta skipti í september 2018.

Einkunnarorð hátíðarinnar í ár eru: Börn sem þátttakendur í ákvarðanatöku. Leiðarljós hátíðarinnar að hvetja börn á Austurlandi til að þora að vera þau sjálf og framkvæma á eigin forsendum. Menningarhátíðin stendur yfir frá 16. sept – 15. okt. Heimasíðan hátíðarinnar er www.bras.is

Velferðarvika

Velferðarvikan er 17. – 21. október. Í velferðarvikunni er stuttir viðburðir allt með það að markmiði að okkur líði betur í skólanum okkar. Meðal viðburða eru hláturjoga, lazy monster, dancing with the stars, slökun, dans með danskennara o.fl.

Baráttudagur gegn einelti

Baráttudagur gegn einelti er hluti af Olweusaráætlun skólans gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Að þessu sinni verður dagurinn fléttaður inn í þemadagana 14. – 16. nóvember þar sem við fögnum fjölbreytileikanum saman í víðum skilningi. Markmiðið með þemadögunum er að styrkja vinatengsl og fræða nemendur um einelti og afleiðingar þess. Hugmyndin er að para saman árganga og mynda vinabekkjakerfi í skólanum.

Fjarðaballið

Fjarðaballið er sameiginlegt verkefni grunnskóla á Austurlandi. Markmiðið er að stuðla að tengslum nemenda milli skóla og vera uppbrot og skemmtun. Ballið er haldið í vor í Egilsstaðaskóla. Nemendur í 8.-10. bekk eiga kost á að sækja ballið, en það er valfrjálst. Nemendur greiða fyrir rútu og aðgang að ballinu en skólinn sér um gæslufólk sem fylgir hópnum. Nemendur þurfa að skila inn leyfisblaði frá foreldrum fyrir ballinu.

Ólympíuhlaup ÍSÍ

Í október taka nemendur þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ. Markmiðið er að allur skólinn hreyfi sig saman og eigi möguleika á vinningi frá ÍSÍ. Hægt er að velja um hlaupaleiðir frá 2,5 km, 5 km og 10 km. Allir nemendur eru hvattir til að taka þátt á sínum forsendum og fyrir suma getur þetta verið góður göngutúr.

Árshátíð

Árshátíð skólans verður haldin fimmtudaginn 16. febrúar. Allir nemendur skólans taka þátt í árshátíðinni saman. Hefðin er sú að mikið er lagt upp úr undirbúningi fyrir skemmtunina í ár verður engin undantekning. Árshátíðardagurinn er tvöfaldur dagur.

Jólakvöld

Jólakvöld nemenda fer fram 14. desember. Þá er öllum foreldrum boðið að taka þátt. Hefðin er sú að 5. – 10. bekkur spilar félagsvist og nemendur í yngri bekkjum spila og horfa á jólamynd. Undirbúningur fyrir kvöldið felst m.a. í bakstri nemenda í heimilisfræði því boðið er upp á kökur og kakó. Jólakvöldið er hluti af tvöföldum degi.

Litlu jólin

Litlu jólin eru fyrir alla nemendur skólans og eru haldin 20. desember. Um morguninn byrja allir bekkir í sínum stofum, lesin er jólasaga o.fl. í þeim dúr. Seinna sama morgun safnast allir nemendur og starfsfólk saman á sal og syngja og dansa í kringum jólatré. Dagurinn er skertur en boðið er upp á vistun fyrir nemendur á yngsta stigi eins og hefðbundin stundaskrá gerir ráð fyrir. Skólaselið er opið þennan dag.

Þorablót

Bóndadagurinn er 20. janúar og af því tilefni er skemmtun í boði fyrir alla nemendur. Hefðin er sú að borða saman gamaldags þorramat.

Upplestrarkeppnin -stóra og litla

Fáskrúðsfjarðarskóli tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk og Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk byggir á tveimur megin hlutum, ræktunarhluta og hátíðarhluta. Í ræktunarhlutanum, sem fer fram í skólanum, er lögð áhersla á að æfa upplestur og framburð. Í lok ræktunarhlutans fer fram skólahátíð í upplestri þar sem allir nemendur lesa. Fulltrúar skólans lesa síðan á Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar. Litla upplestrarkeppnin fer fram inn í skólanum og byggir á sömu hugmyndum og Stóra upplestrarkeppnin. Við lok litlu upplestrarkeppninnar lesa flytja nemendur dagskrá með upplestri fyrir foreldra.

Öskudagur

Öskudagur er skipulagður innan skólans. Þá fara allir bekkir og kennarar í íþróttahúsið og slá köttinn úr tunnunni. Í framhaldinu er skipulögð skruðganga um bæinn og sungið fyrir nammi. Skipulagning göngunnar er í höndum 7. bekkjar ár hvert.

Íþróttadagur Fjarðabyggðar á unglíngastigi

Ár hvert hittast nemendur á unglíngastigi allir saman í einum byggðarkjarna í Fjarðabyggð. Markmiðið er að auka tengsl milli nemenda í sveitafélaginu. Umsjón með deginum er í höndum þeirra sem taka á móti nemendum hverju sinni.

Forvarnardagur

Nemendur á unglíngastigi taka þátt í forvarnardeginum og skila inn verkefni í verðlaunaleik forvarnardagsins.

Vordagar

Síðustu kennsludagar að vori eru svokallaðir vordagar. Þá daga er óhefðbundið skólastarf og skipulagið ekki eins milli ára. Fastir liðir eru þó að fara í vorferðir/vettvangsferðir, hjólabraut, fjölþrautardagurinn og grillveisla.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru fastir liðir í starfsemi skólans. Farið er í ýmsar styttri ferðir í nágrenni skólans og umhverfið nýtt til náms og kennslu. Ekki er um fastar dagsetningar að ræða í öllum tilfellum, en reynt að skipuleggja ferðirnar eftir veðri og aðstæðum hverju sinni. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um fyrirhuguð ferðalög/vettvangsferðir tímanlega. Dæmi um þær vettvangsferðir eru skíðaferð og safnaferðir.

Þemadagar

Þemadagar eru tvisvar í vetur þrjá daga í senn. Fyrst 14. – 16. nóvember þar sem fjölbreytileikinn verður í fyrirrúmi í víðum skilningi. Þemadagarnir 13. – 15. febrúar eru notaðir til undirbúnings fyrir árshátíðina sem er 16. febrúar.